

M I Ð G A R Ð A K I R K J A



1. Miðgarðakirkja í Grímsey sumarið 2005, séð neðan úr fjörunni. – *Miðgarðar Church, Grímsey Island, in the summer of 2005, seen from the shore.*

M I Ð G A R Ð A K I R K J A Í G R Í M S E Y

Kirkjustaður

Ekki eru neinar áreiðanlegar heimildir um hvenær byggð hófst í Grímsey en þjóðsagan segir að þar hafi fyrstur búið maður að nafni Grímur. Lenti hann skipi sínu í Grenivík, sem er syðst á eyjunni, og byggði bæ sinn þar upp af. Grímur átti í miklu stríði við tröll og aðra vætti sem á eyjunni bjuggu.¹ Hann reisti sér hof, þar sem heitir Kirkjuhóll, og segir séra Jón Norðmann að þar sjáist ummerki húsa, en í austurenda þeirra megi sjá breiðan steinstall þar sem goð Gríms hafi staðið, eða sé fótstallur þeirra. Grímur lét heygja sig þar sem hann sá bæði til hafs og lands og er haugur hans á klettastapa í Sandvíkurbjörgum, er Grímur bóndi heitir, en kona hans er heygð þar skammt frá.²

Sagt er að kirkjan í Grímsey hafi áður staðið á Kirkjuhól, sem fyrr er nefndur, en hún hafi fokið á sjó út í austanveðri, og hafi viðinn úr henni rekið á land þar sem heitir Viðarvík eða Stertuvík.³ Kirkjan stendur nú upp af víkinni og prestsetrið Miðgarðar.

Þótt þjóðsagan segi Grím hafa búið fyrstan manna í Grímsey, er getið um eyna í Reykdælu, en þar segir frá Eyvindi Þorsteinsyni landnámsmanni í Reykjadal og syni hans Helga sem drukknadi á Grímseyjarsundi. Þar segir einnig frá Vémundi kögur, dóttursyni

fyrrnefnds Eyvindar, er hann fór til Grímseyjar að vitja um reka.⁴

Í Heimskringlu segir frá því að Ólafur helgi Noregskonungur hafi beðið Íslendinga um að gefa sér eyjuna Grímsey sumarið 1024. Þeirri beiðni var hafnað á Alþingi, en mönnum kom saman um að betra væri að senda konungi vingjafir, svo sem hauka, hesta, tjöld eða segl eða aðrar gersemar.⁵

Í Auðunarmáldaga frá 1318 segir að Jón helgi Ögmundarson hafi vígt kirkju í Grímsey einhvern tíma á árunum 1110-1120.⁶ Auðunarmáldagi sýnir líka að Jón Ögmundarson hefur gert vel við kirkjuna í Grímsey. Þar segir að ítök kirkjunnar séu meðal annars áttungur í eyjunni, átta vættir af hval, einnig spik og rengi, átta merkur af vaxi frá bændum, tiltekinn maður á að bera eld til kirkjunnar og moka snjó frá henni á vetrum, sem og að sjá um alla þjónustu við kennimenn þá sem guði þjóna í nafni embættisins. Við kirkjuna skulu vera tveir prestar og syngja messu á hverjum degi, en tvær messur á dag um föstu og imbrudaga.⁷

Kirkjan var helguð Ólafi helga Noregskonungi. Kristján Eldjárn segir í bók sinni, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, að þótt Íslendingar hafi hafnað yfirráðum Ólafs konungs, hafi hann síðar eignast meira ríki á Íslandi

en nokkur annar konungur. Í kaþólskum sið hafi að minnsta kosti 64 kirkjur verið helgaðar heilögum Ólafi, ýmist einum eða með öðrum dýrlingum.⁸

Kirkja í Grímsey kemur við sögu í Sturlungu, þegar Guðmundur biskup góði og menn hans höfðu flúið þangað, eftir að Tumi Sighvatsson féll fyrir mönnum biskups árið 1222. Sighvatur Sturluson á Grund og Sturla sonur hans söfnuðu 300 manna liði til að fara í hefndarleiðangur til Grímseyjar. Í eyjunni voru um 70 vopnfærir menn. Þegar sást til mannaferða úr landi héldu Guðmundur og prestar hans til kirkju. Guðmundarmenn áttu við ofurefli að etja, og fór svo að biskup var sóttur í kirkjuna og fluttur til lands á skipi Sighvats en menn hans margir felldir.⁹

Dvöl Guðmundar góða í Grímsey leiddi það af sér að hann vígði kirkjuna og brunninn á Miðgörðum, brunninn Brynhildi og öll eyjabjörgin nema Eyjarfótinn fyrir utan Köldugjá, sem var óvígður þegar Sturlungar komu og er svo enn.¹⁰

Jón Norðmann segir í Grímseyjarlýsingu sinni að til forna hafi Grímsey verið svo blómleg og gagnsöm að hún var kölluð „hjarta landsins.“ Hann segir að ráða megi af málþaga Grímseyjarkirkju og fleiri skjölum, að fyrrum hafi hún verið bændaeign og prestar þá leigðir til að veita þar þjónustu, og tiltekur málþaginn tekjur þeirra. Á hans tíð var Grímsey, og hafði lengi verið, fyrir utan prestsetrið Miðgarða, eign Munkaþverár- og Möðruvallaklausturs.¹¹

Klaustrin höfðu margt að sækja í þetta „hjarta landsins“ og því ekki að ástæðulausu, að árið 1318 er sagt frá því að Munkaþverárklostur hafi 5 vættir „salts að sækja“ í Bása

og árið 1446 eiga klaustrin á Munkaþverá og Möðruvöllum ítök og reka í Grímsey.¹²

Það var þó ekki með öllu hættulaust að sækja föngin sem Grímsey hafði upp á að bjóða. Um það vitnar m.a. Eyrarannáll frá 1672. Þá hafði Björn á Munkaþverá sent skip til Grímseyjar eftir skreið, en það skip fórst ásamt 11 mönnum á leiðinni aftur til lands. Í Mælifellsannál frá 1723 segir frá skipi sem týndist með 16 mönnum sem klausturhaldari Möðruvallaklausturs hafði sent til að ná í skreið. Árið 1740 fórst síðan áttæringur frá Munkaþverárklostri í lendingu við Grímsey. Tveir drukkuðu en hinir komust lífs af.¹³

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713 segir að Miðgarðar séu „benificium,“ það er kirkjujörð. Ábúandinn var þá presturinn séra Þórarinn Jónsson, sem þangað var skipaður næstliðið ár. Kúgildi segist prestur hafa meðtekið tvö en fyrir þriðja kúgildið, sem fylgja átti staðnum, er látinn um 60 faðma langur vaður átt- eða tíþættur, notaður til að síga eftir eggjum í bjarginu. Fjórða kúgildið segist prestur ekki hafa fengið, en það hafi fylgt staðnum áður. Tekjur prestsins þar á eyinni eru jarða- og lausafjártíundir, heytollar, ljóstollur og dagsverk af þeim sem ekki eru í skiptitíund, þ.e. þeim fátækustu. Hann hefur einn fisk af hverjum róðri af skipum þeim sem koma í eyjuna. Frá Möðruvalla- og Munkaþverárklaustum hefur hann eitt hundrað á landsvísu af hvoru fyrir sig. Frá Hólastaðar biskupsdæmi segir presturinn að sínir forverar hafi notið áður fyrr eins hundraðs sem nú fyrir nokkrum árum hafi verið undanfelld. Kvikfénað segist presturinn ekki eiga nema eina kú og þar fyrir utan örbirgur til margra hluta. Heimræði er á staðnum, en ekkert skip.¹⁴

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 eru Miðgarð-ar sagðir kirkjufjörð, ábúandi sé presturinn, kúgildi kirkjunnar séu fjögur, og árið 1805 hafi fengist af jörðinni 20 pund af fiðri.¹⁵ Í sóknarlýsingu frá árinu 1839 segir að dýrleiki Miðgarða sé ókunnur en þar sé fuglabjarg æði stórt og reki nokkur undir bjarginu. Tún Miðgarða ásamt næstu bæja, Borga og Sveinsgarða, sé í stöðugri hættu vegna sjóroks, sem og hús, því firna mikið afl sé í sjónum þegar hann fari yfir landið. Þá eru Grímseyingar sagðir vera trúfastir og áreiðanlegir í loforðum sínum, þolgóðir, aðgætnir og varkárir í volki og sjóferðum. Sumir þeirra séu miklir trúmenn, sæki vel kirkju og alla útvortis guðsþjónustu.¹⁶

Fyrsti nafngreindi presturinn sem vitað er um að þjónaði Grímsey hét Hákon.¹⁷ Nafn hans er í Sturlungu vegna atburðanna þegar Hrani Konráðsson frá Grund í Eyjafirði var fundinn sekur skógarmaður og fór til Grímseyjar ásamt nokkrum brennumanna frá Flugumýrarbrennu. Fyrir hvítasunnu 1254 komu þangað Oddur Þórarinnsson og menn hans, og þá var barist. Hrani komst á bát út á víkina, en var ofurliði borinn, og bað um að fá prestsþjónustu. Kom þá Hákon prestur til hans út á skipið, og fékk Hrani að skrifa fyrir honum áður en honum var sálgað.¹⁸

Annar kaþólskur prestur er nafngreindur, en hann hét Bergþór Brandsson, og drukknadhi ásamt 12 öðrum árið 1330. Fyrsti prestur Grímseyinga í lúterskum sið var séra Sigurður Þorsteinsson. Hann var prestur hér frá 1551-1561. Séra Sigurður var áður prestur á Þór-oddsstað, en fluttist nauðugur út í Grímsey. Hann vildi samt vinna það til, svo að Einar sonur hans fengi að ganga í skóla á Hólum.

Einar varð síðar prestur í Eydölum, faðir Odds Skálholtsbiskups og atkvæðamikið skáld. Árin í Grímsey urðu séra Sigurði ekki góð, hann var sjúkur og fékk skyrbjúg, sem ekki var óalgengt um þá sem fluttust til eyjarinnar. Hann lést í eyinni og var grafinn þar.¹⁹ Séra Sigurður var einn hinna fyrstu presta á Norðurlandi er gengu siðbótinni á hönd í tíð Ólafs biskups Hjaltasonar, en siðbótin var viðtekin á Norðurlandi á Oddeyri við Eyjafjörð 1551.

Séra Jón Halldórsson (1698-1779) vígðist til Miðgarðakirkju árið 1718, en fékk Tjörn í Svarfaðardal 1724 og loks Velli 1746.²⁰ Séra Jón þjáðist af flogaveiki og var göldrum Grímseyinga kennt um, en Grímseyingar höfðu reynst honum frekar erfiðir. Þegar hann var kominn að Tjörn var Þorlákur Markússon í Gröf á Höfðaströnd sóttur til hans, en hann þótti margkunnandi. Hann átti á ferð sinni að norðan að hafa numið staðar við Stóruvörðu á Heljardalsheiði, og látið svo um mælt að séra Jón hefði fengið sitt síðasta kast. Átti það að hafa staðið heima.²¹

Prestar lentu eins og aðrir oft í miklum hrakningum í förum milli lands og eyjar, og margir drukknudhi á þeirri leið. Í Mælifellsannál frá 1694 er sagt frá því að séra Illugi Jónsson hafi farið frá eyinni ásamt konu sinni og sonum með báti sem var hlaðinn skreið. Leki kom að bátnum, og höfðu menn ekki undan að ausa, en til bátsins sást frá landi. Séra Illuga var bjargað ásamt konu sinni og einum syni, en tveir synir þeirra drukknudhi. Árið 1727 fórust tvö skip á Grímseyjarsundi á leiðinni til lands. Meðal farþega voru presturinn, séra Jón Jónsson og kona hans Lisabeth, en hann hafði fengið prestakall í landi.²²

Það voru þó ekki aðeins náttúruöflin sem gátu verið erfið fyrir íbúa Grímseyjar. Bólan

herjaði líka á þá og segir frá því árið 1658 að hún hafi nálega lagt eyjuna í eyði.²³ Árið 1709 er þessu öfugt farið með séra Gísla Oddsson sem var prestur í Grímsey. Hann fór til Akureyrar frá eyinni, tók bólusóttina þar og andaðist. Hann er grafinn á Möðruvöllum.²⁴

Prestar Grímseyjar reyndu að sinna sínu kalli þótt hrumir væru. Haustið 1778 andaðist séra Eyjólfur Bjarnason prestur um átt-rætt, og var orðinn það lasburða að hann sat á stóli í kirkjunni þegar hann messaði.²⁵

Enskir sjóræningjar rændu eyna árið 1423, þar á meðal gripum kirkjunnar og öðru fémætu. Til að fyrirbyggja að það mundi endurtaka sig voru haldnir sérstakir kvöld-söngvar fyrir utan venjulegt helgihald, íbúum Grímseyjar til verndar fyrir sjóræningjum. Þessir kvöld söngvar héldust allt fram á miðja 19. öld.

Ekki hefur verið árennilegt fyrir nýja presta að koma á þessa eyju og sinna skyldum sínum, oft langt aðkomnir. Um það vitnar frásögn séra Péturs Guðmundssonar frá árinu 1868 í bréfi til biskups dr. theol Péturs Péturssonar: „Við hjónin komum hér á ey þessa 26. júlí 1868. Leist okkur þá eigi vel á aðsetursstað okkar að því er húsakynni snerti, því ég ætla að hvorugt okkar hafi séð þau annars staðar lakari. Enda sváfum við í kirkjunni það sem eftir var sumarsins, þangað til við neyddumst til, fyrir kulda sakir, að flytjast inn í svonefnda baðstofu.“²⁶

Þann 20. ágúst árið 1967 var haldið upp á aldarafmæli Miðgarðakirkju, að viðstöddum fjölda fólks. Miðgarðakirkja er í Eyjafjarðar-prófastsdæmi, og með tilskipun frá 21. mars 1575 voru Miðgarðar gerðir að prestsetri og prestur fékk uppþót af konungsfé. Gríms-

ey var sérstakt prestakall þangað til 1. júlí 1970, þegar sú breyting varð á með lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma, að Grímseyjarprestakall sameinaðist Akureyrarprestakalli, og átti annar hvor prestur Akureyrar jafnan að hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar.²⁷

KG

Byggingarsaga kirkjunnar

Árni Hallgrímsson (1832-1917) forsmiður frá Garðsá í Eyjafirði var ráðinn til að smíða Miðgarðakirkju sumarið 1867.²⁸ Árni lærði smíðar hjá Ólafi Briem (1808-1859) timburmeistara á Grund í Eyjafirði. Af verkum Árna sem enn standa má nefna Einarstaðakirkju í Reykjadal byggða 1862, Grenjadarstaðarkirkju í Aðaldal frá 1865,²⁹ en henni var gjörbreytt á árunum 1964-1965,³⁰ og þá lauk hann smíði Svínavatnskirkju 1880 eftir að Friðrik Pétursson yfirmiður hennar féll frá.³¹

Árni tók smíði Miðgarðakirkju að sér fyrir fast verð og fékk greidda 200 ríkisdali í smíðalaun, fæði og ferð til og frá Grímsey. Ekki kemur fram í byggingarreikningi né fylgiskjöllum hverjir unnu með honum að smíðinni.

Mest allt efni til smíði kirkjunnar var keypt hjá verslun Friðriks Carl Magnus Gudmanns á Akureyri eða fyrir 374 ríkisdali og 62 skilinga. Í september 1866 hófst úttekt á timbri til smíðinnar, bæði trjám og borðviði, og að auki var tekið út saumur, tjara og rúðugler. Hjá verslun Carl Julius Höepfner var keyptur borðviður árið 1866 fyrir tæpa 20 ríkisdali. F. Reinholt járnsmiður á Akureyri smíðaði hornkengi, hornbönd, skrúfbolta og



2. Miðgarðakirkja, prestsetur til 1906 og skólahús byggt 1905 lengst til hægri; myndin er tekin upp úr 1905. Ljósmyndari Gunhild Thorsteinsson. Þjms. GTh 22. – *Miðgarðar Church, vicarage (until 1906) and schoolhouse built 1905 (far right). Photo taken shortly after 1905. Photo Gunhild Thorsteinsson.*

tvær lokur á kirkjuhurð. Snemma vors 1867 var keypt ýmislegt til frágangs kirkjunnar; blýhvíta, fernisolía, kítti og smávara. Efni úr gömlu kirkjunni var selt fyrir 15 ríkisdali og 22 skildinga. Kostnaður við smíði Miðgarðakirkju var 597 ríkisdalir og 14 skildingar.³²

Daníel Halldórsson prófastur vísiteraði Miðgarðakirkju 3. ágúst 1868 og skráði eftirfarandi lýsingu á henni:

Kirkjan er byggð aftimbri eingöngu, lengd hennar er 12 álnir að utanmáli en breidd 7 álnir, 9 þumlungar; hæð frá gólfi á efri bitabrún er 3 álnir, 7 þumlungar og frá efri bitabrún til mæn- is 3 álnir, 19 þumlungar. Kórinn er að lengd 5 álnir en framkirkjan 6 álnir, 9 þumlungar. Sperrur eru sjö og jafnmargir bitar er hvila á lausholtum yfir 16 stoðum. Húsið er byggt á fót-

stykkjum með bindingsverki allt um kring, klett að utan með slagborðum og að innan alþiljað, bæði til hliða og á báðum stöfnum frá gólfi og upp í gegn með plægðu póstaþili. Þakið er tvöfalt, skarsúð undir en reisifjöl yfir. Á tveimur stoðum á hvorri hlið eru sterkir skrúfgaddar reknir í gegnum sperrutærnar, bitahöfuðin og lausholtin og fótstykkinn eru á öllum hornum fest saman með járnkengjum. Í allri kirkjunni er nýtt fjallagólf samanplægt, sem hvílir á báðum gaflfótstykkjunum og fimm öðrum aurstokkum. Síð þrjú gluggafög eru á hvorri hlið, hvert um sig með tveimur þriggja rúðna gluggum og miðpósti á milli þeirra, og á kórstaftni fyrir ofan bita er eitt gluggafag af sömu stærð og lögun sem hin. Að utan eru gluggarnir málaðir með hvítum lit og járnbeslög eru á hálfu gluggafagi hvers vegar á kórnum.



3. Innan úr Miðgarðakirkju árið 1902. Ljósmyndari Eiríkur Þorbergsson. Í vörslu kirkjunnar. — Interior of Miðgarðar Church, 1902. Photo Eiríkur Þorbergsson.

Fastir bekkir eru umhverfis í kórnum með styttnum undir og bríkum beggja megin kórðyra. Í framkirkjunni eru að norðanverðu fimm en að sunnanverðu fjórir bekkir með bakslám og brikum og styttnum undir. Hér að auki eru tveir krókbekkir, sinn hvoru megin kirkjudyra, einnig með brikum og styttnum og enn er einn bekkur, styttri en hinir, sem gengur frá prédikunarstól út til hliðarveggjar.

Fyrir kirkjunni er vængjahurð, hvor vængur með fimm spjöldum, og á sterkum hjörum. Á öðrum þeirra eru járnlokur að ofan og neðan, en á hinum inngrópuð tvílest skrá með lykli, járn-snerli og járnplötum að utan og innan. Hurð og dyraumbúningur er að utan málaður með hvít-

um lit. Klukkur kirkjunnar eru festar yfir dyr-unum milli tveggja bjálka er ganga í gegnum gaflþilið og eru negldir neðan á skammbita á næstfremstu sperrum. Trékross er festur á vestur-stafn, hvítmálaður.

Altari kirkjunnar er nýtt með listum að ofan og niður við gólf, hurð á hjörum er fyrir altarinu og í því eru tvær hillur til skrudageymslu og bóka. Grátupallur er og nýr og grátur sömuleiðis. Prédikunarstóll er hinn sami og áður var.

Undir húsinu er öflugur grjótgrundvöllur og við hann er húsið fest með sterkum járnlykkjum og kengjum er ganga í hornstafi og hornsteina þess.³³

Sjö árum síðar, 1875, var prófastur staddur á nýjan leik í Grímsey í vísitasíuferð. Kirkjan var í góðu standi en þarfnadist bikunar, hurðir og gluggar málunar og gluggarnir þurftu ennfremur að endurkíttast.³⁴ Við vísitasíu 1884 voru svipuð orð höfð um ástand kirkjunnar.³⁵ Smágallar voru farnir að koma í ljós á kirkjunni 1895, suðurhlið og vesturstafn voru skellótt af bikleysi og rifur voru í borðum á suðurhlið og þaki. Gluggar, umbúnaður þeirra og kirkjuhurðir, þörfnuðust málunar, kítta var farið af gluggum og málning inni í kirkjunni var farin að láta á sjá. Sóknarnefnd hafði hug á því að smíðuð yrði lítil forkirkja og var Davíð Guðmundsson prófastur því sammæltur „þar einatt hagar svo til að uppá dyrnar stendur af vestri, svo að ljósum verði traudla haldið lifandi.“³⁶

Jón Helgason biskup vísiteraði Miðgarðakirkju 1922 og var það að líkindum í fyrsta sinni frá síðbreytingu að biskup vísiteraði Grímsey. Biskup lýsti kirkjunni þannig:

Er hún timburkirkja, turnlaus og ójárnvarin öll, með klukkum á ramböldum uppi yfir dyrum að utanverðu. Fúa verður vart lítils háttar á þaki, en undirlög öll eru talin góð og ófúin. Að utan er kirkjan bikuð öll, en bikið allt af þvegið víðast hvar og þyrfti því kirkjan vandlögulega að bikast að utan.

Grunnur kirkjunnar er hlaðinn úr óhöggnu grjóti, en ómálaður allur. Á honum er kirkjan vendilega hlekkjuð niður. Að innan hefir kirkjan ekki verið óásjálæg. Hefir hún verið máluð bæði á lofti (skarsúð) og veggjum, en málning orðin mjög eydd.

Ofn er enginn í kirkjunni. Áhugi er vaknaður á því á fá reista nýja kirkju steinsteypa.

Í bili á kirkjan í sjóði um 2000 kr. Kirkjan er lénskirkja, hefir verið boðin söfnuði, en hann ekki viljað taka við henni til umsjónar og fjárhalds.³⁷


Fjórum árum síðar sagði prófastur kirkjuna mjög hrörlegt og óásjállegt hús utan og innan. Söfnuðurinn hafði þegar hafið undirbúning að byggingu nýrrar kirkju og fengið teikningu að steinsteyptri kirkju og kostnaðaráætlun. Hana gerði Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins.³⁸ En þegar Stefán Kristinsson prófastur vísiteraði Miðgarðakirkju 1934 voru mikil umskipti orðin á kirkjuhúsinu:

Frá því að síðasta vísitasía fór fram hefur bæði margt og mikið verið gert kirkjuhúsinu til bóta. Munar minnstu, að segja megi að kirkjan hafi verið endurreist, og er nú með öllu ólík að útliti því sem hún áður var, bæði utan frá að sjá, svo og inni fyrir.

Kirkjan var ferð nokkuð úr stað í austurátt og sett þar á nýjan steinsteypnan grunn. Framan við hana var byggður forkirkjustöpull með turni, en gafl rofinn og kór byggður þar við austurstafninn.

Forkirkjan er 4×6 álnir ummáls og hæð á turni 17 álnir frá grunni. Kostað hefur verið kapps um það, að samræma hinn nýbyggða hluta kirkjunnar við stíl þann, sem einkennilegur var fyrir gömlu kirkjuna, en hún er nú aðeins miðhluti byggingarinnar. Virðist þessi viðleitni kirkjusmiðsins hafa vel tekist og er kirkjan einkar snotur að útliti.

Í forkirkju er stigi upp á söngloft, er gert hefur verið í kirkjunni og nær 4 álnir inn eftir henni, og síðan liggur annar stigi þaðan upp til allra kirkjuklukknanna.



4. Tillaga Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins að steinsteyptri kirkju í Grímsey dagsett í desember 1925. Teikning gerð í mkv. 1:100 en sýnd hér í mkv. 1:350. – Design for a concrete church on Grímsey island by State Architect Guðjón Samúelsson, dated December 1925. Plan to a scale of 1:100, shown here 1:350.

Kórinn er 5×5 álnir utanmáls og kórgólfíð 4 þumlungum herra en gólf aðalkirkjunnar. Hæð undir hvelfingu í kórnum er 4½ alin.

Kirkjan hefur nú verið öll máluð bæði utan og innan og er vel frá því verki gengið.

Ennþá skortir á að grunnur kirkjunnar sé fullger, að því leyti, að ekki er fullsteypt upp með fótstykki, né heldur grunnurinn roðinn með sementsblöndu. Þetta hvortveggja þyrfti að gerast sem allra fyrst.

Í króknum, þar sem mætast kór og kirkja að norðanverðu, er gjörður reykháfur úr steinsteypu og ofn settur þar inni fyrir. Ofninn reynist vel og hitar kirkjuna nægilega.³⁹

Helgi Ólafsson smiður og bóndi á Borgum í Grímsey hannaði breytingar, sem á kirkjunni voru gerðar, og var yfirsmiður við framkvæmdirnar.⁴⁰ Kirkjan var í góðu ástandi 1937 nema málning á veggjum og þaki var

farin að veðrast en að innan sagði prófastur málningu halda sér vel og kirkjan væri vel um gengin, vistleg og hin hlýlegasta.⁴¹ Tveimur árum síðar hafði viðgerð farið fram á framkirkjunni, fúi verið tekinn úr klæðningu, felt í með nýju efni og veggir málaðir. Turninn og kórinn voru ómáluð og biðu betri tíðar. Þrátt fyrir þetta var ekki nóg að gert því þakborð voru sum fúin og var umtalsverður leki að norðanverðu svo sá á málningu á loftinu að innan. Grunnur hafði fengið allmikla aðgerð en steypa var sögð úr svo vondu efni að hún yrði vart til langrar frambúðar né heldur kirkjutröppur.⁴²

Friðrik J. Rafnar vígslubiskup vísitæði kirkjuna 1947 og taldi hana stæðilega en þarfnast málningar að utan og að gallar væru komir fram í kirkjutröppum.⁴³ Þremur árum síðar var kirkjan í svipuðu ástandi en ofn kirkjunnar virtist ónýtur og hafði kirkj-



5. Miðgarðakirkja skömmu eftir stækkun 1932. Ljósmyndari óþekktur. Í vörslu kirkjunnar. – *Miðgarðar Church shortly after enlargement, 1932. Photographer unknown.*


an fengið olíuofn að láni. Veggir, gluggar og forkirkjuhurð var málað 1951 en ári síðar var málningin farin að láta á sjá. Þakið var hins vegar enn ómálað og lak alvarlega en sóknarnefnd áformaði að leggja asphalt á kirkjupakið, enda hefðu asfaltþök reynst vel í Grímsey, og steypa jafnframt kirkjutröppur að nýju.⁴⁴

Gert var við kirkjuna árið 1956 og endurvígði Ásmundur Guðmundsson biskup Miðgarðakirkju 12. ágúst sama ár og skráði eftirfarandi lýsingu á framkvæmdum:


Innan á skarsúð kirkjunnar hefir verið lögð hvelving að austanverðu, prýdd stjörnum, en þiljað á súðina að vestanverðu. Veggir kirkjunnar hafa verið lagðir utan asbesti og steyp

þrep fyrir framan hana. Ný hurð úr harðviði hefir verið sett fyrir forkirkju og fagurlega skorin á hana mynd af því er Jesús kyrrir vind og sjó, svo og versíð: Þá þú gengur í Guðs hús inn. Nýtt bárujárn hefir verið sett á þakið og kirkjan máluð öll utan. Litaðar rúður settar í kórglugga.


Að innan hefir kirkjan verið máluð öll hátt og lágt á síðast liðnu vori og er hún nú hið prýðilegasta Guðs hús. Yfir kirkjuboga eru letruð orðin: Hjarta yðar skelfist eigi; trúið á Guð. Á prédikunarstól er skorið mjög [vel] og smekklega versíð: Gefðu að móðurmálið mitt. Er allur útskurður í kirkjunni gjörður af formanni sóknarnefndar, og hefir hann staðið fyrir og unnið að endurbótum á kirkjunni. Hráolíuofn hefir verið settur í kirkjuna á þessu ári og



6. Grunnmynd Miðgarðakirkju og langskurður í mkv. 1:100. Mælt og teiknað Per Kruse og Mogens Brandt Poulsen arkitektar. – *Plan and longitudinal section of Miðgarðar Church to a scale of 1:100. Survey and plans by architects Per Kruse and Mogens Brandt Poulsen.*



7. Framstafn og suðurhlið í mkv. 1:100. Mælt og teiknað Per Kruse og Mogens Brandt Poulsen arkitektar.
– Front and south elevations to a scale of 1:100. Survey and plans by architects Per Kruse and Mogens Brandt Poulsen.



8. Þverskurður í mkv. 1:50. Mælt og teiknað Per Kruse og Mogens Brandt Poulsen arkitektar. – *Cross-section to a scale of 1:50. Survey and plans by architects Per Kruse and Mogens Brandt Poulsen.*

reynist hann sæmilega. Grind kirkjunnar mun ófúin, nema fótstykki að líkindum. Ennfremur hefir verið gjört að fúa sumstaðar. Málun hefur tekist vel.⁴⁵

Að ári vísiteraði prófastur og sagði kirkjuna sóma sér prýðilega í sínum nýja búningi og litað gler hefði verið sett innan á glugga framkirkju.⁴⁶ Kirkjuhúsið var sagt vel við haldið

1959, umgengni hin prýðilegasta, olíuofninn hafði verið tekinn burt og kirkjan var hituð með kósangasi.⁴⁷

Sigurbjörn Einarsson biskup vísitaraði kirkjuna nýmálaða að innan 1961 og sagði hana í ágætu ástandi.⁴⁸ Fjórum árum síðar varð vart mikils fúa í kirkjunni og leka og hafði sóknarnefnd hafið undirbúning að viðgerð og áformaði að mála kirkjuna að utan en ekki komið því í verk vegna votviðra. Rafmagn til ljósa og hitunar hafði verið lagt í kirkjuna en hún var þó enn að mestu hituð með kósangasi.⁴⁹ Við vísitasíu 1967 kom fram að kirkjan hafði fengið mikla endurbót. Efsti hluti turnsins var endurbyggður og tókst þannig að komast fyrir þrálátan leka, krossar á svalahornum voru endursmíðaðir og kirkjan máluð öll að utan.⁵⁰

Kirkjan var klædd að utan með stálklæðningu um 1980 en klæðningin ryðbrann á fáum árum og var rifin af kirkjunni 1986. Veggir voru þá klæddir með sléttum trefjaplastplötum, um svipað leyti var gluggum breytt og hvelving smíðuð í framkirkju.⁵¹ Árið 2004 var kirkjan máluð öll að innan, hvelving yfir framkirkju reituð með listum og gólf í framkirkju og kór olíuborin.⁵²

Lýsing kirkjunnar

Ytri gerð

Miðgarðakirkja er timburhús, 7,69 m að lengd og 4,77 m á breidd, með kór undir minna formi, 3,11 m að lengd og 3,39 m á breidd, og turn á stöpli við framstafn, 2,67 m að lengd og 2,75 m á breidd. Þök framkirkju og kórs eru krossreist.

Kirkjan stendur á steinsteyptum múrhúðuðum sökklum og er framkirkjan stöguð nið-

ur á hornum. Fyrir kirkjudyrum eru steinsteyptar tröppur með fjórum þrepum sem ganga fram og til hliðar með stöplinum. Þær eru bogadregnar að framan og að þeim er hellulögð stétt frá sálhliði sem stendur gegnt kirkjudyrum.

Veggir kirkjunnar eru klæddir sléttum trefjaplastplötum, málmlistar eru á hornum og undir veggjum er járnklætt vatnsbretti. Á hvorri hlið kirkju eru þrír gluggar, einn á hvorri hlið kórs, einn á suðurhlið stöpsuls, tveir á norðurhlið og einn á framhlið turns. Í gluggum er miðpóstur og þriggja rúðu rammi hvorum megin hans. Tvöfalt gler, hamrað og litað, er í gluggum framkirkju og kórs, og er glerjað með ferstrendum listum. Um glugga eru faldar og áfellur úr timbri.

Fyrir kirkjunni eru tvöfaldar vængjahurðir. Í hlífðarhurðum eru lóðréttir stafir á okum að innanverðu og er þeim lokað að utanverðu með felliloku úr ryðfríu stáli, hurðarjárn eru smíðuð úr sama efni. Sjálfar kirkjuhurðirnar eru smíðaðar úr lóðréttum plönkum og á þeim eru skrautleg hurðarjárn. Hurðirnar eru skreyttar með bogadregnum útskurði og krossi sem rís upp af tveimur minni bogum. Á hurðinni að norðanverðu er skorin mynd af Jesú á bát og undir henni áletrunin: *Og hann vaknaði og hastaði á vindinn. Mark. 4.39.* Á suðurhurðina er skorið:

*Þá þú gengur í Guðs hús inn
Gæt þess vel, sál mín fróma
Hæð þú þar ekki herra þinn
Með hegðun líkamans túma,
Beygðu holdsins og hjartans kné,
Heit bæn þín ástarkveðja sé,
Hræsnin mun síst þér sóma.
Hallgr. Péturss.*



9. Miðgarðakirkja sumarið 2005. Kirkjuna ber í fjallgarðinn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda. – *Miðgarðar Church in the summer of 2005. In the distance is the mountain range on the mainland between Eyjafjörður and Skjálfandi.*

Þök framkirkju og kórs eru klædd bárujárni og gengið er frá mæni með sléttjárnri. Undir þakskeggi er ufsaborð undir sperrum og táborð á sperruendum en sléttir listar í kverk-inni milli ufsaborðs og veggklæðningar. Sléttjárn er beygt um þakbrún og gengur yfir klæðningu á þaki og stöfnum.

Stöpull er ferstrendur og nær upp fyrir mæni kirkju og efst á veggjum undir þakskeggi er súgborð. Flatt þak er á stöpli og umhverfis það er handrið með renndum pílárnum milli sláa. Á hornum þess eru ferstrendar háar stoðir með málmkrossi efst. Á þaki stöpul er ferstrendur turn með píramítapaki klæddu sléttjárnri og ljósakross efst.

Sökklar, faldar um glugga, hlífðarhurðir, slár og hornstoðir í handriði, tréverk og slétt-

járn undir þakskeggi og þakbrúnum og þök eru rauð en veggir, gluggar og pílárar hvítir.

Innri gerð

Miðgarðakirkja skiptist í forkirkju í stöpli, framkirkju og sérbyggðan kór. Spjaldsettar vængjahurðir eru fyrir framkirkju og gangur inn af þeim að kór sem hafinn er yfir kirkjugólf um eitt þrep. Í kórðyrum er lágt þil með renndum pílárnum og kórstöfum. Orgel er innarlega í framkirkju norðan megin, prédikunarstóll framan kórðyra sunnan megin og altari fyrir miðjum kórgaffi. Setuloft er yfir fremsta hluta framkirkju og forkirkju. Hvelfingar eru yfir setulofti, innri hluta framkirkju og kór.

Í forkirkju sunnan megin er stigi upp á setuloft og undir honum afþiljuð geymsla.



10. Séð inn kirkju. Yfir kirkjunni er blámáluð reitaskipt hvelfing með gotnesku lagi og undir henni falleg strikasylla. Prédikunarstóllinn stendur sunnan megin í kirkjunni framan við kórinn. – View towards altar. The church has a blue-painted pointed coffered vault, and beneath it a fine moulding. The pulpit stands at the south side of the church, in front of the chancel.

Veggir í forkirkju og á stöpullofti eru klæddir strikuðum panelborðum. Loft í forkirkju er klætt sléttum plötum en loft á stöpullofti yfir fremri hluta setulofts er panelklætt. Opið er milli setulofts í stöpli og setulofts yfir framkirkju. Á stöpullofti er brattur stigi, panelklæddur á baki, upp í turninn þar sem tvær klukkur hanga í ramböldum.

Gólf í forkirkju og á setulofti, auk stigaþrepa, eru teppalögð. Kirkjugólf er klætt sjö til átta þumlunga breiðum plægðum borðum en kórgólf fjögurra þumlunga breiðum borðum. Gólfborðin eru olíuborin.

Veggir í framkirkju eru klæddir listuðu standþili, um níu þumlunga breiðum þiljum milli tæplega fjögurra þumlunga breiðra

yfirfelldra lista. Þiljurnar eru felldar í syllur við gólf og loft. Gengið er frá gluggum allt um kring með yfirfelldum listum innst og strikuðum yst, en að neðan gengur gluggakista, hvilftuð á neðri brún, fram fyrir syllu. Miðpóstur í gluggum er strikaður á brún-um en þverrimar í römmum eru sneiddar. Gengið er frá dyrum á sama hátt og gluggum. Veggir í kór eru klæddir strikuðum panelborðum.

Setuloft nær inn í framkirkju miðja vegu milli fremstu glugga og miðglugga. Undir því eru tveir bitar, sá innri sneiddur á neðri brún-um, sléttar plötur eru felldar á milli þeirra og hvilftaður listi í kverkum. Girt er fyrir setuloft með handriði, þéttklæddu strikuðum panel-

borðum milli gólfs og handslár. Háir portveggir eru fyrir súðarskápum hvorum megin á setulofti, klæddir strikuðum panelborðum. Yfir innri hluta setulofts er súðarhvelving úr sléttum plötum sem felldar eru milli sperra og bogadregnar efst uppi undir rjáfri. Sperrur eru sneiddar á neðri brún og í súðarskápum má sjá á þeim grábláan lit, að líkindum leifar upprunalegrar málningar.

Yfir innri hluta framkirkju er reitaskipt súðarhvelving, bogadregin fyrir miðju en annars fylgir hún súðinni að mestu leyti hvorum megin. Í henni eru níu stórir reitir þvert yfir og gyllt fimm arma stjarna er á miðju hvers þeirra. Mjóir reitir eru eftir endilangri hvelvingu hvorum megin efst og á þá málaðar áletrunir; að norðanverðu: *LÚKAS Hann breytti stormviðrinu í blíðan blæ, svo að bylgjur hafsins urðu hljóðar. Salm. 107.29 JÓHANNES. Að sunnanverðu er áletrunin: MATTEUS Áður en fjöllin fæddust og jörðin og heimurinn urðu til, frá eilífð til eilífðar ert þú, ó Guð. Salm. 90.2 MARKÚS.*

Undir hvelvingunni efst á veggjum er strikasylla úr köntuðum, ávölum og hvilftuðum listum. Strikasyllan er leidd fyrir frambrún setulofts. Yfir kórduyrum er bogadregin krossviðarhöl með málaðri tilvitnun: *Jesú sagði: „Hjarta yðar skelfist eigi trúið á Guð og trúið á mig.“ Jóh. 14.1.*

Hvelving í kór er klædd strikuðum panelborðum og undir henni efst á veggjum er sylla úr ávölum, hvilftuðum og strikuðum listum.

Veggir kirkjunnar og loft undir setulofti í framkirkju eru fölgræn, syllur við loft og gólf, bitar undir setulofti og sperrur mosagrænar, loft í framkirkju, á stöpulofti og gluggar og umbúnaður þeirra eru hvít, strikasyllur gráar, gylltar og mosagrænar, hvelvingar í fram-

kirkju og kór eru bláar en hvelving yfir setulofti hvít.

Norðan megin í framkirkju eru sjö bekkir en níu sunnan megin. Brík er á bekkjum við gang, fótur er undir miðjum bekk en bakslá og setfjöl felld að vegg. Kantar bríka eru beinir, bríkum hallar aftur fyrir ofan setfjalir og eru sveigskornar efst. Á framhlið þeirra er málaður gylltur kross með hring. Bríkur hafa verið breikkaðar að aftan og bakslár færðar aftur sem því nemur og þeim hallað. Breiðar bólstraðar sessur eru ofan á setfjöllum. Bekkir eru rauðbrúnir en áklæði á bakslám og sessum er vínráutt. Á setulofti er einn kirkjubekkur sömu gerðar og aðrir kirkjubekkir og lausir stólar að auki.

Um prédikunarstól er fjallað í kaflanum *Gripir og áhöld*.

Á framhlið altaris og hliðar eru felld slétt spjöld milli lóðréttra stafa á hornum. Hurð er á miðri framhlið með sléttu spjaldi og hvilftaðir listar um altarið að neðan og ofan. Það er 106 cm á hæð, 122,5 cm að breidd og 56 cm á dýpt. Rammar á hliðum og á hurð eru mahónímálaðir, listar um spjöldin gylltir og spjöldin furumáluð, gylltur kross er málaður á mitt hurðarspjaldið.

Gráður með renndum pílárum eru umhverfis gráðupall og knéfall utan með. Þær eru bogadregnar á framhlið og hurð fyrir miðju. Handslá er mahónímáluð, gólfslá rauðbrún, pílárar hvítir með rauðgulum og gylltum hvilftum, knéfall er flöskugrænt og sökkull undir því rauðbrúnn. Gólf altarisfalls er smíðað úr fimm þumlunga breiðum plægðum borðum og á það eru málaðir gráir og ljósgráir skásettir feringar.

Kórstafrir er flöskugrænir og um þá eru gylltar brúnir, sökkull er rauðbrúnn og efst er



11. Séð fram kirkju. Fremst í kirkjunni er setuloft og fyrir því lokað handrið. Kirkjubekkirnir eru upphaflegir en bakslárnar hafa verið færðar aftur og brikurnar breikkaðar. – View towards doors. At the front of the church is a balcony with solid railing. The pews are original, but the back-rests have been moved farther back and the bench-ends made wider.

dökkblár hnöttur með gylltri brún umhverfis. Handslá er mahónímáluð, pílárar marmaramálaðir og með gylltum og rauðgulum hvilftum, gólflá er rauðbrún og kórþrep dökkblátt og gólflisti undir því grár.

Kirkjan er lýst og hituð með rafmagni. Þilofnar eru á veggjum undir bekkjum. Í framkirkju eru átta veggjós skreytt með kristöllum og tveir ljóshjálmar, sá fremri er eldri, upphaflega með fjórum kertapípum sem hafa verið rafvæddar. Innri hjálmurinn er einnig gamall, skreyttur kristöllum og upphaflega með átta kertapípum sem einnig hafa verið rafvæddar. Í kór hangir sexarma ljóshjálmur. Í forkirkju er eitt loftljós og tvö á setulofti.

Byggingarlist kirkjunnar

Miðgarðakirkja hefur tekið verulegum breytingum frá því að Árni Hallgrímsson var við smíðar í Grímsey sumarið 1867. Af umfjöllun um kirkjuna og myndefni má ljóst vera að unnt er að skipta byggingarsögu hennar í þrjú megin tímabil. Á árunum 1867-1932 er kirkjan í upprunalegri gerð utan sem innan. Annað tímabilið hefst með viðbyggingum og innri breytingum 1932 þar sem leitast var við að fella viðbætur að hinni upprunalegu kirkju. Þriðja tímabilið hófst 1956 og einkennist af breytingum og efnisvali þar sem ekki hefur verið tekið tillit til upprunalegrar gerðar kirkjunnar, sérkenna hennar eða byggingarlistar.



12. Kór Miðgarðakirkju frá 1932. Yfir honum er hvelfing klædd blámáludum panelborðum. Kórþil er gert af renndum pílárum og kórðyr eru með renndum kórstöfum. – *Chancel of Miðgarðar Church, 1932. The vault is clad in boards, painted blue. The chancel screen comprises turned uprights, and the chancel entrance has turned pillars.*

Í öndverðu voru hlutföll Miðgarðakirkju í samræmi við gamlar hefðir. Hlutfall breiddar og lengdar 1:1,6 eða gullinsniðhlutfallið 5:8, vegg hæð hálf breidd kirkju og stafnhæð jöfn

breiddinni. Eru þessi hlutföll enn óhreyfð. Gluggar sitja með jöfnu millibili í veggjum og neðri brún þeirra er á miðjum vegg. Veggir voru klæddir slagbili, á þaki var skarsúð með

reisifjöl yfir, kirkjan var bikuð að utan en gluggar hvítmálaðir. Að innan klæddi Árni kirkjuna póstaþili. Þverbitar voru í framkirkju og kór og yfir kirkjunni skarsúðarloft opið upp í rjáfur. Af gamalli ljósmynd má ráða að prédikunarstóll hafi staðið innst í framkirkju sunnan megin við gang til móts við miðglugga. Framan við altarið voru ferhyrndar gráður með mjóum renndum pílárum.

Eins og prófastsvísitasía 1926 ber með sér var ástand Miðgarðakirkju þá orðið hrörlegt og fyrirætlan safnaðarins um að byggja nýja kirkju styður það álit prófests. Fjárhagur virðist þó hafa ráðið því að gert var við gömlu kirkjuna og byggt við hana árið 1932. Eins og ljósmynd ber með sér var breyting Helga Ólafssonar á kirkjunni vel af hendi leyst og honum tókst að fella kirkju og viðbyggingar saman í eina heild með því að klæða kirkjuhúsið allt að utan með slagþili og reisifjöl og smíða glugga í viðbyggingar eftir gluggunum. Viðbyggingarnar eru í sæmilegum hlutföllum og formgerð, þó svo að turninn sé við það að bera kirkjuna ofurlíði. Kórinn er að formi til álíkur kórútbýggingum sem sjá má við margar aðrar kirkjur. Öðru máli gegnir um turngerðina sem má telja sjaldgæfa, stöpul með þaksvölum umhverfis mjórri turn með píramítapaki. Svalir eru girtar handriði milli hornstólpa með krossmörkum yfir. Álíka turn var byggður við Viðvíkurkirkju í Skagafirði 1893 og dæmi eru um áttstrendar kirkjur, t.d. Akraneskirkju frá 1896, með áttstrenda turna á stöpulsvölum, að ógleymdri Grundarkirkju í Eyjafirði.

Að innan voru gerðar breytingar á gamla kirkjuhúsinu. Setuloft var sett yfir tvö fremstu stafgölf og þverbitar innar í framkirkju og kór teknir í burt, bekkjum var fjölgað, prédik-

unarstóll fluttur að kórðyrum en súðarloft og veggklæðning héldust óbreytt. Nýjar gráður, bogadregnar á framhlið, voru settar framan við altarið, kór aðskilinn frá framkirkju með renndum pílárum og kórstöfum en í kórðyrum er járnbiti til að halda saman gaffli kirkjunnar. Viðbyggingar voru klæddar innan strikuðum panelborðum.

Framkvæmdir við kirkjuna 1956 og síðar hafa að jafnaði dregið úr byggingarlistarlegu gildi hennar og fært kirkjuna í búning sem er framandi aldri hennar, upphaflegu byggingarefni og frágangi. Þetta á fyrst og fremst við um plötuklædda súðarhvelvingu í framkirkju og strikasylluna og einnig plötuklæðningu yfir setulofti og undir því. Mesta ósamræmið fellst þó í ytri klæðningu kirkjunnar. Sléttar trefjaplastplöturnar hafa hvorki líf né litróf málaðrar eða tjargaðrar timburklæðningar og hæfa engan veginn timburhúsi, hvað þá friðu húsi frá miðri 19. öld.

GLH

Gripir og áhöld

Matthías Þórðarson þjóðminjavörður skráði gripi í Miðgarðakirkju í Grímsey 16. júlí 1935.⁵³ Fæstir af þeim gripum sem hann lýsti þá eru enn í kirkjunni. Nú vantar þrjú gömul og upplituð *altarisklæði*, eitt úr rauðu flaueli, annað úr rauðbrúnum vefnaði með útsaumi frá 1876 og það þriðja úr rauðu og svartrósóttu damaski. Einnig vantar gamlan tvíarma *altarisstjaka* úr kopar sem Matthías taldi vera frá 17. öld, dökkfjólubláan *hökul*, gamalt *harmóníum*, *ljósa hjálm* úr pjátri, ómerkan og ekki gamlan, og loks tvær gamlar *klukkur*, en þær voru seldar Laugarneskirkju í Reykjavík 1957.⁵⁴

Einar Einarsson, listasmiður og um sex ára skeið djákni í Grímsey, setti mikinn svip á kirkjuna þau 14 ár sem hann bjó í eyinni. Einar var Skaftfellingur, fæddur í Meðallandi árið 1902 en bjó og starfaði víða um land. Hann var Samvinnuskólagentinn og sótti einnig lýðháskóla í Svíþjóð, lærði silfursmíði og útskurð, og mun útskurðurinn trúlega halda nafni hans lengst á lofti, því smíðisgripi hans er að finna í mörgum kirkjum í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Hann kom til Grímseyjar árið 1953 og vann þar við margvísleg störf, m.a. við fiskverkun og ýmis viðhaldsverkefni. Hann varð fljótlega sóknarnefndarformaður og hafði umsjón með endurbótum á kirkjunni árið 1956. Hann skar út skírnarfont og söngtöflur og skurðmynd á prédikunarstólinn og aðra á kirkjuhurðina. Eftir nokkurn undirbúning í guðfræðideild Háskóla Íslands var Einar vígður djákni við hátíðlega athöfn í Miðgarðakirkju árið 1961 af biskupi Íslands herra Sigurbirni Einarsyni, sveitunga hans, og gegndi því starfi til 1967. Einar bjó í Hveragerði síðustu árin og lést þar árið 1993.⁵⁵

Altaristöfluna málaði Arngrímur Gíslason árið 1879 eftir hinni frægu veggmynd Leonardo da Vinci frá lokum 15. aldar sem ennþá prýðir matsal klausturkirkju heilagrar Maríu náðarinnar (Sta Maria delle Grazie) í Milánó á Ítalíu. Arngrímur hefur skrifað efst á altaristöfluna með gylltu lettri: *Trúið mjer að einn yðar mun svíkja mig. Matt. 26.21*. En neðan til á töfluna vinstra megin hefur hann skrifað með smáu lettri: *Leonardo da Vinsi pinx* (pingo, latína: að mála), en hægra megin *A. Gíslason cop*. Málverkið er 67,5 cm á hæð og 90 cm á breidd í veglegum mahónímáluðum

ramma með burst og súlum beggja vegna, skreytt gylltum listum og hnúðum. Á stalli yfir töflunni er líkneski af Kristi á marmarakrossi. Kirkjan keypti altaristöfluna af Arngrími fyrir 120 krónur, þar af barst 40 króna áheitafé frá Páli Jónssyni bónda á Syðraholti í Svarfaðardal, sem með því var að greiða gamalt áheit látins vinar, Ólafs Ólafssonar sjómanns og „byttusmiðs.“ Ólafur hafði dáið hjá Páli 1877 og eftirlátið honum nokkuð af eignum sínum. Hann hafði löngu áður verið hætt kominn á sjó nálægt Grímsey og hét þá því að Grímseyjarkirkja skyldi njóta þess ef hann kæmist lífs af. Frá þessu segir prófasturinn Davíð Guðmundsson í bréfi sem birtist í Norðanfara 1879.⁵⁶

Af orðum prófests í Norðanfara má ráða að Arngrímur hafi málað eftir lítilli koparstungumynd því hann segir að Arngrímur hafi „stækkað málverk af hinni alkunnu mynd kvöldmáltíðarinnar,“ en þess má geta að veggmynd Leonardos í Milánó er nærri níu metra breið og tæpir fimm metrar á hæð.

Arngrímur Gíslason var frá Skörðum í Þingeyjarsýslu, fæddur árið 1829, dáið árið 1887 í Gullbringu í landi Tjarnar í Svarfaðardal, en þar var síðasta heimili og málarastofa hans. Málarastofunni er haldið við af Þjóðminjasafni Íslands. Arngrímur var sjálf-lærður í list sinni en hann átti samskipti við Sigurð Guðmundsson málara í Reykjavík og nefnir Kristján Eldjárn Sigurð málara „meistara hans“ í bók sinni um Arngrím málara.⁵⁷ Arngrímur málaði altaristöflur í að minnsta kosti tíu íslenskar kirkjur. Í Eyjafjarðarprófastsdæmi eru töflur eftir Arngrím í þremur öðrum kirkjum, þ.e. í kirkjunni í Stærta-Árskógi, á Urðum og í Glæsibæ.⁵⁸



13. Altaristaflan er eftirmynd af kvöldmáltíðarmynd Leonardo da Vinci, máluð af Arngrími Gíslasyni málara 1879. Ofan við myndina er lettrað: Trúíð mjer að einn yðar mun svíkja mig. Matt. 26.21. – *Altarpiece, a copy of Leonardo da Vinci's Last Supper, painted in 1879 by Arngrímur Gíslason the Painter. Above the painting is the inscription: Verily I say unto you, that one of you shall betray me. Matt. 26.21.*



14. Annar af tveimur samstæðum þríarma altarisstjökum úr bronsi, sem gefnir voru kirkjunni af Átthagafélagi Siglufjarðar seint á 20. öld. – *One of two matching three-branched bronze candelabra, gift to the church in the late 20th century.*

Ekkert klæði hylur altari Miðgarðakirkju dags daglega. Þar er nú hvítur *altarisdúkur* úr þéttofnu bómullarefni með breiðri heklaðri brún þar sem skiptast á krossar og kaleikar. Hulda Reykjalín húsfreyja í Garði í Grímsey saumaði dúkinn en Ragnhildur Stefanía Einarsdóttir húsfreyja á Básunum heklaði brúnina. Dúkurinn var gefinn af Ragnhildi og manni hennar Alfreð Jónssyni árið 1982.⁵⁹

Kirkjan á rautt *altarisklæði* og þrjá aðra hvíta *altarisdúka*. Altarisklæðið rauða úr flaueli með

gylltum krossi eignaðist kirkjan um miðja síðustu öld, það var keypt í Danmörku.⁶⁰ Það er geymt í skrudaskáp á kirkjuloftinu og notað við sérstök tækifæri.

Á svipuðum tíma eignaðist kirkjan vandaðan *altarisdúk*, sem Ingibjörg Jónsdóttir húsfreyja í Ytri-Grenivík saumaði á árunum 1951-1956 og gaf til minningar um Halldóru Sæmundsdóttur húsfreyju í Ytri-Grenivík er lést 1956. Þessi dúkur er úr hvítu hörefni með útsaumaðri brún þar sem skiptast á kaleikar og rósir en kross í miðju. Dúkurinn er nú geymdur í skrudaskápnunum á kirkjuloftinu lítið eitt slitinn. Kirkjan á tvo altarisdúka til viðbótar, taldir vera frá því fyrir miðja síðustu öld. Annar er úr fremur grófofinni bómullareinskeftu, en hinn úr grófu lérefni með útsaumi á hliðum.⁶¹

Þríarma *altarisstjakar* steyptir úr bronsi eru á altarinu. Þeir voru gjöf frá Átthagafélagi Siglufjarðar sem sótti heim Grímseyinga með sóknarpresti sínum séra Vigfúsi Þór Árnasyni á níunda áratug síðustu aldar.⁶² Kirkjan á og eldri þríarma silfraða *altarisstjaka* sem gefnir voru kirkjunni 1957. Annar var gefinn af Kvenfélaginu Baugi og hinn af Ingu Jóhannesdóttur í Garði til minningar um mann hennar Óla Hjálmarsson er lést árið 1956.⁶³

Biblía á altari, prentuð 1981, er gjöf frá biskupshjónunum herra Pétri Sigurgeirssyni og Sólveigu Eggertsdóttur.⁶⁴

Guðbrandsbiblía 1584, ljósprentuð í Reykjavík á árunum 1956-1957 með formála Magnúsar Más Lárussonar prófessors, er einnig höfð á altarinu við hátíðleg tækifæri. Biblíuna gáfu



15. Kaleikur og patína, danskir smíðsgripir, gefnir kirkjunni 1895 af séra Péttri Guðmundssyni. – *Chalice and paten, Danish, gift to the church in 1895 from the Rev. Pétur Guðmundsson.*

hjólin í Sigtúni Magnús Símonarson hreppstjóri og Siggerður Bjarnadóttir til minningar um látin börn þeirra tvö, Ingibjörgu Huldu Reykjalín Magnúsdóttur d. 1937 og Bjarna Reykjalín Magnússon d. 1928.⁶⁵

Tveir stórir skornir *glervasar* eru á altari, gefnir til minningar um þríburann Konráð Gylfason f. 1977 sem lést af slysförum í Grímsey árið 1983. Foreldrar hans Sigrún Þorláksdóttir og Gylfi Gunnarsson gáfu vasana við fermingu sonar síns Konráðs Gylfasonar árið 2000. Hann hafði verið skírður eftir bróður sínum.⁶⁶

Kaleikur, patína og oblátudósir úr silfurpletti, voru smíðaðar á verkstæði H.C. Drewsen í Kaupmannahöfn í lok 19. aldar. Þessir hundr- að ára gömlu gripir hafa ekkert látið á sjá og eru sem nýir. Séra Pétur Guðmundsson prestur í Grímsey frá 1865 til 1895 afhenti kirkjunni gripina sem skilnaðargjöf þegar hann lét af embætti við vísitásiu Davíðs Guðmundssonar prófasts árið 1895. Ekki hefur prófastur verið sáttur við þessa nýju gripi, hann lætur skrifa „sem allt eru mjög lélegir gripir.“⁶⁷ Það hefur ef til vill haft áhrif á mat prófasts að þá átti kirkjan fyrir silfurkaleik með patínu úr kopar. Ekki er nú vitað hvað varð um þá gömlu gripi,



16. Skírnarfontur, smíðaður og skorinn út 1958 af Einari Einarssyni sóknarnefndarformanni. – *Baptismal font, built and carved in 1958 by Einar Einarsson, chair of the parish council.*

þeirra er ekki getið í vísitasíum eftir 1895. En við þetta sama tækifæri var séra Pétur beðinn um að útvega vínkönnu fyrir messuvínið og



17. Lok af skírnarfontinum, úr birki. Skorin eru út orð Krists: Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum og skírið þær til nafns föðurins, sonarins og hins heilaga anda. Matt. 28, 18-19. – *Lid of baptismal font, birch, with carved inscription: All power is given unto me in heaven and in earth. Go ye therefore, and teach all nations, baptising them in the name of the Father, and of the Son, and of the Holy Ghost. Matt. 28, 18-19.*

skyldi hann fá peninga úr kirkjusjóði til þess að borga hana. Prestur féllst á þetta.

Vínkanna stór og vegleg er í eigu kirkjunnar. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður lýsir henni svo „Vínkanna úr gleri með silfrudum búningi og loki, nýleg.“⁶⁸ Trúlega er það kannan sem séra Pétur Guðmundsson sá um að kaupa fyrir kirkjuna.

Rauður hökull og stóla ásamt patinudúk kom í kirkjuna 1987, fengið nýtt frá Englandi, gjöf frá Kvenfélaginu Baugi í Grímsey. Kirkjan keypti grænán hökul árið 2001 að tilhlutan sóknarprestsins, séra Magnúsar G. Gunn-

arssonar á Dalvík.⁶⁹ Hökullinn var fenginn frá verkstæði í Belgíu og er með skrautlegum leggingum og útsaumaðri mynd af guðs lambi á baki. Höklinum fylgir einnig græn stóla. Messuklæðin eru varðveitt í góðum skáp á kirkjuloftinu.

Skírnarfontur var skorinn út fyrir Miðgarðakirkju árið 1958 af Einari Einarssyni, þá sóknarnefndarformanni, eins og lesa má á þeirri hlið sem snýr inn í kórinn. Fonturinn er 97 cm á hæð, ferstrendur, úr eik og tekki með þremur útskornum Biblíumyndum úr ljósu birki á hliðunum. Lok er einnig úr birki þar sem skorin eru út orð Krists úr Mattheusarguðspjalli 28, 18-19: *Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum og skírið þær til nafns föðurins, sonarins og hins heilaga anda*. Fonturinn var gefinn af fjölskyldunni í Ytri-Grenivík til minningar um Trausta Pálsson bónda þar, d. 1933.

Silfurskál stór og glæsileg er í fontinum, 24,5 cm í þvermál með einstaklega fallegri áletrun á barmi: *GEFIÐ TIL MINNINGAR UM FRÚ SIGRÚNU INDRÍÐADÓTTUR Á SVEINSSTÖÐUM. AF EIGINMANNI, BÖRNUM OG TENGDAÞÖRNUM*. Sigrún, eiginkona Sigurbjörns Sæmundssonar á Sveinsstöðum lést árið 1946 af afleiðingum brunaslyss.⁷⁰ Undir skálinni er stimpill: *JÓN. HANDSMÍÐAÐ. GE*. Skálina smíðaði Guðmundur Eiríksson gullsmíður, d. 1977, er tók við verkstæði Jón Sigmundssonar í Reykjavík að honum látnum árið 1942.⁷¹

Tveir stólar úr mahóní með háu baki og rauðu klæði á setu og baki eru í kór. Stólana smíð-



18. Prédikunarstóll úr gömlu torfkirkjunni, fagurlega málaður af Snorra Guðvarðssyni málarameistara á Akureyri árið 2002. Á stólnum er útskorin mynd af bókarullu eftir Einar Einarsson sóknarnefndarformann. – *Pulpit from the old turf church at Miðgarðar, finely painted in 2002 by master painter Snorri Guðvarðsson of Akureyri. On the pulpit is a carving of a scroll by Einar Einarsson, chair of the parish council.*

aði, skar út og gaf Einar Einarsson. Hann gaf kirkjunni við sama tækifæri knéfall sem hann hafði smíðað og bólstrað.⁷²

Prédikunarstóllinn er úr gömlu torfkirkjunni. Stóllinn er nú 139 cm á hæð frá gólfi og



19. Ljósahjálmur með átta ljósaliljum og kristöllum, keyptur til kirkjunnar fyrir 1884. Á myndinni má sjá hluta af tilvitnun í 90. Davíðssálm, annað vers, málaða á hvelfinguna. – *Chandelier with eight sockets and crystals, purchased for the church before 1884. The picture shows part of a quotation from the 90th Psalm, verse 2, painted on the vault.*

stendur á fæti jafnbreiðum honum. Gengið er upp í stólinn úr kór. Hann er með fimm hliðum og eru tvö spjöld í hverri hlið. Allur er stóllinn nú vandlega málaður, þ.e. oðraður í mahóní- og furulit og málaður með rauðum og grænum lit og með gylltum listum umhverfis spjöldin. Það gerði Snorri Guðvarðs-

son málari á Akureyri um 2002 eins og fleiri gripi og innviði kirkjunnar.⁷³ Bókastóll með krossmarki er efst á prédikunarstólnum og snýr fram í kirkjuna. Á spjaldreitnum undir bókastólnum er fest útskorin mynd úr birki eftir Einar Einarsson, þ.e. mynd af bókarullu með bænaversi Hallgríms Péturssonar:



20. Ljósahjálmur með fjórum ljósaliljum, yngri en sá stærri. – *Chandelier with four sockets, more recent than the larger chandelier.*

*Gefðu, að móður málið mitt
minn Jesú, þess ég beiði,
af allri villu klárt og kvitt,
krossins orð þitt útbreiði
um landið hér, til heiðurs þér,
helst mun það blessun valda,
meðan þín náð létur vort láð
lýði og byggðum halda.*

Stór sjöarma *kertastjaki* úr eirblöndu stendur á gólfi fyrir framan kórinn. Hann var gefinn



21. Leifar af gömlum ljósahjálmi, geymdar á kirkju-lofti. – *Remnants of an old chandelier, stored in the church loft.*

af hjónunum Þorláki Sigurðssyni og Huldu Reykjalín Víkingsdóttur í Garði árið 1961.⁷⁴

Þrír *ljósahjálmar* eru í kirkjunni. Elstur er gylltur ljósahjálmur með átta ljósaliljum og slípuðum kristöllum, hann var keyptur í kirkjunna fyrir 1884, hans er getið í vísitásiu prófests það sumar og var þá fyrir kertaljós.⁷⁵ Á árunum milli 1961 og 1965 var rafmagn leitt í tvær ljósakrónur sem fyrir voru í kirkjunni.⁷⁶ Fyrir þann tíma hefur þá kirkjan eignast litla ljósahjálminn úr látúni sem er með tveimur krönsum, sá neðri er með fjórum ljósaliljum og sá efri með fjórum skrautliljum. Þriðji og yngsti ljósahjálmurinn er sexarma með gler-



22. Söngtafla, skorin út 1956 af Einari Einarssyni sóknarnefndarformanni. – *Hymnboard, carved in 1956 by Einar Einarsson, chair of the parish council.*

skálum. Hann hangir í kór, gefinn af Dýrleifu Sigurbjörnsdóttur árið 1967, til minningar um mann hennar Þóri Guðjónsson

málarameistara, sem málað hafði kirkjuna að innan 1956.⁷⁷ Ljósahjálarnir virðast allir hafa verið málaðir með sömu bronsmálningu síðast þegar kirkjan var máluð sem gerir þá snyrtilegri en ella, en um leið tapa þeir ákveðnum sérkennum.

Orgel er fyrir framan kórinn vinstra megin merkt CONTENT D 2100. Það var keypt um síðustu aldamót fyrir fé sem Kvenfélagið Baugur og Kíwanisklúbburinn Grímur söfnuðu. Það var formlega tekið í notkun við messu 11. nóvember árið 2000. Gamall *orgelstóll* með fódruðu sæti og bókaþeymslu var gefinn kirkjunni af Jórunni Magnúsdóttur frá Sigtúni og fjölskyldu hennar árið 1959⁷⁸ og er hann hafður í kórnum.

Stór *sálmasöngtafla* skorin út og gefin af Einari Einarssyni þáverandi sóknarnefndarformanni. Hún er úr dökkum viði með nafni kirkjunnar og ártalinu 1956. Efst á rammnum er gylltur kross og neðst gylltir upphafsstafir Jesú *IHS*. Töflunni fylgja hvít númeraspjöld með svörtum tölustöfum. Taflan hangir nú á vegg við prédikunarstólinn norðan megin við kórinn. Einar hafði áður gefið kirkjunni *söngtöflu* nokkru minni sem geymd er á kirkjuloftinu.⁷⁹

Skrautskrifað *spjald* í tréramma hangir í forkirkju, gefið til minningar um síðustu prestshjónin sem bjuggu í Grímsey. Spjaldið er með nöfnum allra presta sem þá höfðu þjónað Grímseyingum frá upphafi kristni í landinu, samtals nöfn 51 presta. Á rammanum er skjöldur með áletruninni: *Gefið til minningar um sr. Röbert Jack f. 1913, d. 1990 og Sigurlínu Guðjónsdóttur f. 1908, d. 1952 síðustu*



23. Söngtafla, skorin út og máluð af Einari Einarssyni. – Hymnboard, carved and painted by Einar Einarsson, chair of the parish council.

prestshjón í Miðgörðum. Gefið af afkomendum. Ekkja séra Róberts Jack, Guðmunda Vigdís Sigurðardóttir, kom ásamt afkomendum þeirra með prestatöfluna og færði kirkjunni að gjöf árið 2003.⁸⁰

Gamalt sérkennilegt *málverk*, málað á furu-fjalir, í gylltum mjóum ramma, hangir nú á kirkjulofti. Myndin sýnir söguna úr Gamla testamentinu af Salómon konungi og konunum tveimur sem deildu um rétt á nýfæddu barni. Málverkið gaf Anna Pálsdóttir ekkja Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmans

og þingmanns Eyfirðinga á árunum 1942 til æviloka, en hann fórst í flugslysi í Héðinsfirði árið 1947. Garðar hafði keypt myndina á Ítalíu og hugðist gefa Grímseyjarkirkju, en entist ekki aldur til þess.⁸¹

Innrömmuð *prentmynd* af málverki Eggerts Guðmundssonar listmálara af Kristi með þyrnikórónu var gefin kirkjunni 1987 af Sigríði, Guðrúnu og Þórhildi Kristjánsdætrum til minningar um foreldra þeirra Guðrúnu Jóhannesdóttur d. 1935 og Kristján Eggertsson d. 1963.⁸²

Kirkjan eignaðist íslenska *fána* og tvær vandaðar *fánastangir* með silfurskjöldum á 100 ára afmæli kirkjunnar 1957 til minningar um Símon Jóhannes Jónsson, sem bjó í Syðri-Grenivík á árunum 1920-1944. Gefendur voru ekkja hans og börn. Á annan silfurskjöldinn er lettrað: *Skín þú fáni eygni yfir og nafn Símonar*. Á hinum skildinum stendur: *Rís þú unga Íslands merki* og nöfn barna Símonar, hvort tveggja úr fánakvæði Einarss Benediktssonar.

Tveir skrautmálaðir *skápar* eru á kirkjulofti, annar varðveitir höklana og hinn ýmsa gripi kirkjunnar. Skáparnir eru hvítmálaðir með skrautblómum, og áletrun: *Miðgarðakirkja Anno 1958*. Einar Einarsson smiður og sóknarnefndarformaður smíðaði og málaði skápana. Þeir stóðu í upphafi við kórgafl kirkjunnar sinn hvoru megin við altarið,⁸³ en voru fluttir síðar upp á loftið, þar sem þeir fara vel og þjóna sínu hlutverki.

Klukkur tvær úr kopar hanga á ramböldum í turni. Sú minni er með mikilli áletrun



24. Klukkur Miðgarðakirkju, fengnar frá Siglufjarðarkirkju fyrir miðja 19. öld, sú minni steipt 1799, sú stærri 1862. – *Bells of Miðgarðar Church, acquired from Siglufjörður Church in the mid-19th century. The smaller was cast in 1799, the larger in 1862.*

og skrauti, steipt í Kaupmannahöfn 1799, en sú stærri er frá 1862. Klukkurnar munu hafa verið fengnar frá Siglufjarðarkirkju fyrir miðja 20. öld, en litlar klukkur leturlausar, sem áður voru í kirkjunni, voru seldar Laugarneskirkju í Reykjavík árið 1957.⁸⁴

ÞK

Kirkjugarður og minningarmörk

Kirkjan í Miðgördum stendur fyrir miðjum garði, en smá spölur er frá sáluhlíði að kirkjudyrum. Allt í kringum garðinn er hlaðinn veggur, að framan er hleðslan lægri en annars staðar, en ofan á henni er hvítmálað trégrindverk.

Vísitasía frá 1868 segir að haustið 1867, þegar hin nýja kirkja er tekin í notkun, sé

kirkjugarðurinn sólbrunninn og óhrjálegur, og þarfnist endurbóta. Ekkert gerist þó fyrir en árið 1895. Þá er garðurinn hlaðinn upp að hluta, en vírnet og járnstöðir bíða uppsetningar.⁸⁵ Það er svo ekki fyrr en 1937 að garðurinn er kominn í gott horf. Árið 1947 er grafreitur kirkjunnar sléttaður og grafarstæði nægileg til langs tíma, fyrir ekki mannfleiri söfnuð. Árið 1965 er svo garðurinn stækkaður um helming og jafnframt girtur. Tveim árum síðar eru legsteinarnir kústaðir. Einnig er þá farið að tala um að gera legstaðaskrá fyrir garðinn.⁸⁶

Garðurinn er jafnan talinn í góðri umhirdu. Hafist var handa við að slétta hann sumarið 2006 og verður því verki lokið innan tíðar.⁸⁷

KG



25. Kirkjugarðurinn er girtur hlöðnum vegg; að framanverðu er hleðslan lægri en annars staðar og ofan á henni hvítmáluð rimlagirðing. – *The churchyard is surrounded by a drystone wall. The wall is lower at the front, topped with a white-painted fence.*

Í Miðgarðakirkjugarði má flokka minningarmörkin gróflega í þrennt. Járnkrossa úr prófiljárni, steypa legsteina með áfastri plötu og legsteina þar sem granít- og blágrýtisplötur eru algengar. Flest öll minningarmörkin eru vestan við kirkjuna en nokkurn fjölda þeirra má sjá á fremur afmörkuðu svæði sunnan hennar og eru þau nýlegri. Fáeinum metrum norðan við forkirkjuna er minningarsteinn um þá sem fjarri hvíla.

Hér verður getið tveggja ólíkra minningarmarka. Er það annars vegar uppreistur legsteinn úr grágrýti og hins vegar nýrri steypur legsteinn.

Fyrri legsteinninn stendur nokkrum metrum vestnorðvestur af forkirkju á nokkuð upphækkuðu leiði. Þetta er íslenskur legsteinn úr

grágrýti og að mörgu leyti dæmigerður fyrir tvo fyrstu áratugi tuttugustu aldar. Legsteinninn, sem snýr í austur, er settur saman úr lágum varða, sem stendur á traustum sökkli, og undirsteini sem enn sést glögglega. Efst á framhlið varðans er meitlað allstórt krossmark og er krossstilkurinn afar langur og krossmarkið því nokkuð úr klassískum hlutföllum. Meitlað er á steininn með hástöfum latínuletturs en á honum stendur:

D. W. FISKE
MATTHÍASSON
F. 15. APR. 1902
D. 1. APR. 1927



26. Minningarsteinn um látna ástvini sem hvíla annars staðar en í Grímsey. – *Memorial to loved ones who lie far away.*



27. Legsteinn yfir Daníel Willard Fiske Matthíasson (d. 1927). – *Gravestone of Daniel Willard Fiske Matthíasson (d. 1927).*

Legsteinninn er afar veðraður þó svo að enn megi ráða í letrið. Mest er hann þó veðraður að baki og er þar stór dæld í varðanum. Daníel Willard Fiske Matthíasson prests Eggertssonar var heitinn í höfuðið á Bandaríkjamanninum dr. Daniel Willard Fiske, hins mikla velgjörðarmanns Grímseyinga, og munu fleiri dæmi um að þeir hafi yngt Fiske upp með slíkum hætti eða skírt eftir honum.

Hinn legsteinninn er rétt sunnan við sáluhliðið. Hann sýnist vera steypdur og er nokkuð farið að brotna úr undirstöðu hans. Steinninn hefur verið málaður hvítur en er víða farinn að flagna. Steinninn er bogadreg-

inn að ofan en á framhlið hans er fest svört álplata sem er bogadregin að ofan en endar í breiðum öxlum. Á plötunni stendur:

STEINUNN H. TRAUSTADÓTTIR

F. 15. 11. 1919 D. 3. 6. 1920

VALDIMAR TRAUSTASON

F. 13. 6. 1921 D. 20. 6. 1921

LEYFIÐ BÖRNUNUM TIL MÍN AÐ KOMA

ÞVÍ SLÍKRA ER GUÐS RÍKI

GB

Tilvísanir

- 1 Jón Norðmann: Allrahanda VIII, 63-64.
- 2 Jón Norðmann: Grímseyjarlýsing, 50.
- 3 Örnefn. Kristján Eldjárn: Örnefni í Grímsey, 2.
- 4 Ísl. fornrit X, 171.
- 5 Ísl. fornrit XXVII. Heimskringla II, 215-216.
- 6 Ísl. fornbréfasafn II, 423, 441-443.
- 7 Pétur Sigurgeirsson: Grímsey, 120.
- 8 Kristján Eldjárn: Hundrað ár í Þjóðminjasafni, 26.
- 9 Sturlunga saga I, 290-293.
- 10 Pétur Sigurgeirsson: Grímsey, 42.
- 11 Jón Norðmann: Grímseyjarlýsing, 36, 32-33.
- 12 Ísl. fornbréfasafn IV, 698.
- 13 Annálar 1400-180 III, 295; IV, 655 og V, 8.
- 14 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, 313.
- 15 Jón Johnsen: Jarðatal á Íslandi, 306.
- 16 Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu, 209, 211.
- 17 Prestatal og prófasta, 286.
- 18 Sturlunga saga I, 504, 505.
- 19 Pétur Sigurgeirsson: Grímsey, 121, 122.
- 20 Stefán Aðalsteinsson: Svarfdælingar I, 106.
- 21 Annálar 1400-1800 IV, 220.
- 22 Annálar 1400-1800 I, 578 og II, 612.
- 23 Annálar 1400-1800 I, 351.
- 24 Annálar 1400-1800 II, 490.
- 25 Annálar 1400-1800 VI, 202.
- 26 Pétur Sigurgeirsson: Grímsey, 59.
- 27 Stjórnartíðindi 1970 A, 290; sbr. Stjórnartíðindi 1990 A, 120; Lovsamling for Island I, 102.
- 28 Þf. Bps. C V, 183. Bréf 1869. Byggingarreikningur Miðgarðakirkju 1867.
- 29 Hörður Ágústsson: Íslensk byggingararfleifð I, 75, 236 og 243.
- 30 Guðmundur L. Hafsteinsson: Skrá yfir friðuð hús. Grenjaðarstaðarkirkja.
- 31 Guðmundur L. Hafsteinsson: Svínvatnaskirkja. Kirkjur Íslands 8; 202.
- 32 Þf. Bps. C V, 183. Bréf 1869. Byggingarreikningur Miðgarðakirkju 1867 ásamt fylgiskjöllum.
- 33 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/12.
- 34 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/12.
- 35 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/13.
- 36 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/14.
- 37 Þf. Biskupsskjalasafn 1994 AA/4.
- 38 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/15. Miðgarðar 1926; Húsameistari ríkisins, teikningasafn.
- 39 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/16. Miðgarðar 14. ágúst 1934.
- 40 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18. Miðgarðar 19. ágúst 1967.
- 41 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/16.
- 42 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/16. Miðgarðar 1939.
- 43 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/17. Miðgarðar 17. september 1947.
- 44 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/17. Miðgarðar 1950 og 1952.
- 45 Þf. Biskupsskjalasafn 1994 AA/6.
- 46 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/17. Miðgarðar 30. nóvember 1957.
- 47 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18.
- 48 Þf. Biskupsskjalasafn 1994 AA/6.
- 49 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18. Miðgarðar 1965.
- 50 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18. Miðgarðar 19. ágúst 1967.
- 51 Eyfpr. Vísitásiubók 1975-1995. Miðgarðar 25. október 1987.
- 52 Biskupsstofa. Vísitásia biskups á Miðgördum 2004.
- 53 Þjms. Kirknabók Matthíasar Þórðarsonar, 16. júlí 1935.
- 54 Þjms. Kirknabók Matthíasar Þórðarsonar, 16. júlí 1935, viðbót 31. mars 1957.
- 55 Grímsey og Grímseyingar, 304.
- 56 Norðanfari 25. ágúst 1879, 83.
- 57 Kristján Eldjárn: Arngrímur málari, 31.
- 58 Kristján Eldjárn: Arngrímur málari, 155 og áfram.
- 59 Eyfpr. Vísitásiubók 1975-1995. Miðgarðar 25. október 1987.
- 60 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/17. Miðgarðar 30. nóvember 1957.
- 61 Jenný Karlsdóttir og Oddný E. Magnúsdóttir: Altarisdúkar í kirkjum í Eyjafjarðarprófastsdæmi.
- 62 Ragnhildur Hjaltadóttir og Alfreð Garðarsson, Gerðubergi í Grímsey, viðtal 2006.
- 63 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/17. Miðgarðar 30. nóvember 1957.
- 64 Eyfpr. Vísitásiubók 1975-1995. Miðgarðar 25. október 1987.
- 65 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18. Miðgarðar 22. ágúst 1959.
- 66 Ragnhildur Hjaltadóttir og Alfreð Garðarsson, Gerðubergi í Grímsey, viðtal 2006.
- 67 Þf. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/14. Miðgarðar 2. ágúst 1895.
- 68 Þjms. Kirknabók Matthíasar Þórðarsonar, Miðgarðar 16. júlí 1935.
- 69 Ragnhildur Hjaltadóttir og Alfreð Garðarsson, Gerðubergi í Grímsey, viðtal 2006.

- 70 Helgi Danielsson: Grímsey og Grímseyingar, 191.
- 71 Þór Magnússon, viðtal 3. apríl 2006.
- 72 ÞÍ. Biskupsskjalasafn 1994 AA/7. Miðgarðar 22. apríl 1961.
- 73 Ragnhildur Hjaltadóttir og Alfreð Garðarsson, Gerðubergi í Grímsey, viðtal 2006.
- 74 ÞÍ. Biskupsskjalasafn 1994 AA/7. Miðgarðar 22. apríl 1961.
- 75 ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/13. Grímsey 20. júní 1884.
- 76 ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18. Miðgarðar 23. október 1965.
- 77 ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18. Miðgarðar 19. ágúst 1967.
- 78 ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18. Miðgarðar 22. ágúst 1959.
- 79 ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18. Miðgarðar 30. nóvember 1957.
- 80 Ragnhildur Hjaltadóttir og Alfreð Garðarsson, Gerðubergi í Grímsey, viðtal 2006.
- 81 ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/17. Miðgarðar 21. júlí 1950.
- 82 Eyfpr. Vísitíðabók 1975-1995. Miðgarðar 25. október 1987; Helgi Danielsson: Grímsey og Grímseyingar, 44-45.
- 83 ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/18. Miðgarðar 22. ágúst 1959.
- 84 Þjms. Kirknabók Matthíasar Þórðarsonar, 16. júlí 1935, endurskoðað 31. mars 1957.
- 85 ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/12 og AA/14.
- 86 ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/16 og AA/17.
- 87 Bjarni Halldórsson, hreppsstjóri í Grímsey, viðtal í september 2006.

Mynda- og teikningaskrá

1. Ívar Brynjólfsson ljósmyndari. Þjms.
2. Gunhild Thorsteinsson ljósmyndari. Þjms.
3. Eiríkur Þorbergsson ljósmyndari. Í vörslu kirkjunnar.
4. Uppdrættir gerðir af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Þjóðskjalasafn Íslands, safn Húsameistara.
5. Ljósmyndari óþekktur. Í vörslu kirkjunnar.
- 6.–8. Mælingarteikningar gerðar af arkitektunum Per Kruse og Mogens Brandt Poulsen 2000.
- 9.–27. Ívar Brynjólfsson ljósmyndari. Þjms.

English summary

While the origins of habitation on the island of Grímsey are not documented, tradition claims that a man named Grímur was the first settler (Grímsey = Grímur's Island).

According to *Heimskringla* (the History of the Kings of Norway), in the summer of 1024 King Olaf of Norway (later St. Olaf) asked the Icelanders to give him the island. Alþingi (parliament) refused the request, but resolved instead to send the monarch tokens of friendship such as hawks, horses, tents, sails, or other costly gifts.

A cartulary of Bishop Auðun from 1318 states that Bishop Jón Ögmundarson the Holy consecrated a church on Grímsey in the period 1110-1120. The church, which was dedicated to St. Olaf, King of Norway, was to be served by two priests.

The first priest on the island who is identified by name was a certain Hákon. The first pastor after the Reformation of the 16th century was the Rev. Sigurður Þorsteinsson, whose grandson Oddur Einarsson became Bishop of Skálholt. The sailing route out to the island, 40 km off the north coast, is a hazardous one, and several Grímsey pastors were lost at sea.

Miðgarðar Church is in the deanery of Eyjafjörður. By an ordinance of 21 March 1575 Grímsey was made an autonomous parish. This remained the case until 1 July 1970, when the parish of Grímsey was merged with that of Akureyri.

Miðgarðar Church was built in 1867 by builder Árni Hallgrímsson, who also built Einarstaðir Church in Reykjadalur and Grenjaðarstaður Church in Aðaldalur in 1865. Miðgarðar Church has undergone considerable alterations since being built. Its architectural history comprises three periods: 1867-1932 the church remained in its original form, inside and out; in 1932 extensions and interior

alterations were made; and in 1956 alterations were made, and new materials used, which are inconsistent with the church's character and architecture.

Miðgarðar Church is a wooden building, 7.69 m long and 4.77 m wide. The chancel is narrower than the nave, 3.11 m long and 3.39 m wide. At the front end is a two-tier tower, 2.67 m long and 2.75 m wide. The roofs of nave and chancel are ridged, clad in corrugated iron, while the tower roof is clad in flat metal sheeting. The church is clad in flat sheeting, and stands on a concrete foundation. The sides are reinforced with buttresses. On each side of the church are three windows, and one on either side of the chancel, one on the south side of the porch, two on the north side, and one on the front of the tower. The windows have a central mullion and two three-paned casements. The porch extends up above the height of the roof ridge of the church: it has a flat roof surrounded by railings, and is surmounted by a square tower with a pyramidal roof, clad in flat metal sheeting. The church entrance has inner and outer double doors.

At the south of the forechurch (narthex) are stairs to the balcony over the front of the nave. Panelled double doors lead to the nave, where the aisle leads to the chancel, which is one step higher than the nave. A low chancel screen with turned uprights and posts at the entrance divides the chancel from the nave. On either side of the aisle are pews, and free-standing benches in the balcony. The walls of the forechurch, balcony and chancel are clad in moulded boards, while the nave is clad in thick and thin vertical boards.

At the top of the walls in the innermost part of the nave and the chancel is a convex moulding. Over the balcony is a sloping ceiling, vaulted under the rafters, and panelled between the rafters. Over the innermost part of the nave is a panelled pointed vault, and a barrel vault over the chancel.

Alterations made to the church in 1956 and since have generally diminished its architectural value, so that the condition of the church is inconsistent with its age, building materials and finish. This applies especially to the panelling of the vault over the nave, the moulding, and the panelling above and below the balcony. The most discordant aspect, however, is the exterior cladding of the church. The flat sheets of plastic have neither the life nor the palette of painted or tarred wooden weatherboarding; they are entirely unsuitable for any wooden building, least of all a listed building from the mid-19th century.

Matthías Þórðarson, Director of the National Museum, inventoried the goods of Miðgarðar Church on Grímsey on 16 July 1935. He noted that the church had been "enlarged and improved 1933." Few of the items he listed remain in the church. Missing items include three old and faded altar frontals from the 19th century, an old two-branched copper altar candelabrum which Matthías believed to date from the 17th century, a dark-purple chasuble, an old harmonium, and old pewter chandelier.

Einar Einarsson, craftsman and deacon, who lived on Grímsey for 14 years, six of them as deacon, made a great impact on the church. Originally from Meðalland in south Iceland, he arrived on Grímsey in 1953. Initially he did a variety of work, e.g. in fish-processing and maintenance work. He soon became chair of the parish council, and he supervised the alterations made to the church in 1956. He carved a baptismal font and hymnboards, and sculptures on the pulpit and door. After studying at the University of Iceland Faculty of Theology, Einar was ordained deacon by the Bishop of Iceland at a ceremony in Miðgarðar Church in 1961, and served as deacon until 1967. Einar died in 1993.

The altarpiece is the work of Arngrímur Gíslason “the Painter” from 1879, a copy of da Vinci’s *Last Supper*. At the top of the altarpiece is a gilt inscription: *Verily I say unto you, that one of you shall betray me. Matt. 26.21*. At the bottom left is the inscription *Leonardo da Vinsi pinx*, and at bottom right *A. Gíslason cop.* Arngrímur Gíslason (1829–1887) was from Þingeyjarsýsla. His last home/studio was at Gullbringa on the Tjörn estate in Svarfaðardalur, where his studio is preserved by the National Museum.

Carved for Miðgarðar Church in 1958 by Einar Einarsson, the font has a large and beautiful silver bowl, with a fine inscription on the rim with the names of the donors. The bowl was made by goldsmith Guðmundur Eiríksson of Reykjavík, d. 1977. The pulpit is from an older turf church at Miðgarðar. It is pentagonal with two panels on each side. The pulpit was expertly repainted in 2002. At the top of the pulpit is a book-rest with a cross. On the panel beneath the book-rest is a birchwood carving by Einar Einarsson, depicting a scroll with a verse by 17th-century devotional poet Hallgrímur Pétursson.

In the forechurch is a framed plaque, donated in 2003 in memory of the last resident pastor on the island and his wife. It lists the names of all the clergymen who have served the Grímsey islanders since the beginning of Christianity in Iceland, a total of 51 names.

In the balcony is an unusual old painting on pine boards, with a narrow gilt frame. Purchased in Italy shortly after World War I, and donated to Miðgarðar Church, it depicts the Judgement of Solomon in a dispute between two women, each claiming to be the mother of a newborn child. Two copper bells hang on shafts in the tower. The smaller, with extensive inscriptions and ornament, was cast in Copenhagen in 1799. The larger dates from 1862. The bells were acquired from Siglufjörður Church before the middle of the 19th century. The church’s small older bells, with no inscription, were sold to Laugarnes Church in Reykjavík in 1957.

Grave markers in the churchyard may be broadly classified in three categories: iron crosses, concrete gravestones with a name-plate affixed, and granite or tholeiite stones. The churchyard contains various gravestones which are typical for the period around 1900.